

L Ö G

um breyting á lögum nr. 33 12. febr. 1945, um breyting
á lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

24

20. apríl

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Fyrsta efnismálgrein 1. gr. laganna orðast svo:

Ríkissjóður greiðir bæjarfélögum allt að tveim fimmtu kostnaðar, en öðrum sveitarfélögum allt að tveim þriðju kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús, sjúkra-
skýli eða læknisbústaði, sem reistir verða samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda fallist ráðherra á þörf þeirra framkvæmda og meti þær við hæfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946,
um hafnargerðir og landingarbætur.

25

20. apríl

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Á eftir 60. tölulið B. í 2. gr. laganna kemur nýr liður:
Svalbarðseyri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

4